

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Norðurlands vestra 21. febrúar 2008 í máli nr. E-75/2007:

Sigurður Friðriksson

(Ólafur Rúnar Ólafsson hdl.)

gegn

db. Friðriks Ingólfssonar

Sigríði Magnúsdóttur

Jónínu Friðriksdóttur og

Friðriki Rúnari Friðrikssyni

(Guðjón Ólafur Jónsson hrl.)

I

Mál þetta var höfðað 22. júní 2007, þingfest 26. júní 2007 og tekið til úrskurðar um frávísunarkröfu stefndu 24. janúar sl.

Stefnandi er Sigurður Friðriksson, Bakkaföt, sveitarfélaginu Skagafirði.

Stefndu eru dánarbú Friðriks Ingólfssonar, Sigríður Magnúsdóttir, bæði með heimilisfang að Laugarhvammi, Jónína Friðriksdóttir, Laugarmýri, og Friðrik Rúnar Friðriksson, Lambeyri, öll í sveitarfélaginu Skagafirði.

Dómkröfur

1. Stefnandi krefst þess að dánarbú Friðriks Ingólfssonar verði dæmt til að greiða honum 1.450.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá 15. nóvember 2006.
2. Þá er þess krafist að stefndu dánarbú Friðriks Ingólfssonar, Friðrik Rúnar og Sigríður verði skylduð til að stofna sérstaka spildu úr landi Laugarhvamms, Skagafirði, með sérstöku landnúmeri afmarkaða með hnitum samkvæmt eftirfarandi hnitum að viðlögðum dagsektum, er greiðist stefnanda, að fjárhæð 30.000 krónur á dag frá birtingu stefnu að telja. Hnit samkvæmt þessari kröfu eru samkvæmt hnitakerfi ÍSNET 93, e uppdrætti 8. desember 2006, S-13 dskj. nr. 5 og eru þannig.

Hnit nr. 121	552108.219	483777.425
Hnit nr. 121a	552100.897	486758.496
Hnit nr. 121b	552047.253	483773.033
Hnit nr. 121c	552054.078	483786.497

Stefnandi krefst þess ennfremur að stefndi Friðrik Rúnar hafi ekki umráða- eða afnotarétt af núverandi borholu, en að stefnandi ásamt stefndu Jónínu hafi eignar-, umráða- og afnotarétt af borholunni, rétt til afnota af greindri spildu og hindrunarlausan umferðarrétt að og um spilduna, þar með talið rétt til að leggja lagnir að og frá spildunni um land stefndu að landi stefnanda, Bakkaföt, til viðhalds lagna og öðru sem tengist borholunni, allt án endurgjalds.

Stefnandi krefst þess einnig að staðfest verði að óheimilt verði að veðsetja spilduna og mannvirki á henni og þá er þess krafist að stefndu Friðriki Rúnari og dánarbúi Friðriks verði gert að halda spildunni veðbandalausri, að viðlögðum 30.000 króna dagsektum, er greiðist til stefnanda, fyrir hvern dag frá stofnun lóðar samkvæmt 1. málsgrein í landsskrá Fasteignamats ríkisins.

3. Stefnandi krefst staðfestingar á því að hann sé eigandi að 62,5% af borholu og mannvirkjum henni tengdri og 62,5% vatnsréttinda innan spildu sem afmarkast af hnitum sem gefin eru að framan, þar með talið 62,5% vatns sem kemur frá núverandi heitavatnsborholu innan sömu spildu, á móti 37,5% hlutdeild stefndu Jónínu. Stefnandi krefst þess einnig að honum sé heimilt að bora nýja holu innan spildunnar.

Til vara gerir stefnandi eftirfarandi kröfur:

1. Stefnandi krefst þess að dánarbúi Friðriks Ingólfssonar verði dæmt til að greiða honum 1.450.000 krónur ásamt dráttarvöxtum frá þingfestingu máls þessa.

2. Verði ekki fallist á kröfur stefnanda í öðrum tölulið aðalkröfu er þess krafist að staðfestur verði eignarréttur stefnanda að 62,5% af núverandi borholu og mannvirkjum henni tengdri innan spildu þeirrar sem afmörkuð er með þeim hnitum sem getið er hér að framan. Jafnframt er þess krafist að stefnandi hafi umferðarrétt að borholunni og rétt til að leggja lagnir að og frá spildunni um land stefndu að landi stefnanda, Bakkaföt, og annan hindrunarlausan umferðarrétt að borholu, allt án endurgjalds. Ennfremur er gerð varakrafa um staðfestingu á því að óheimilt sé að veðsetja borholu og mannvirki henni tengd innan spildunnar sem afmarkast með títtnefndum hnitum og þess krafist að stefndu Friðriki Rúnari og dánarbúi Friðriks Ingólfssonar verð gert að halda borholunni og mannvirkjum henni tengdum veðbandalausum að viðlögðum 30.000 króna dagsektum, er greiðist stefnanda, fyrir hvern dag frá þingfestingu máls þessa.

3. Verði ekki fallist á aðalkröfu, sem fram kemur undir lið 3 hér að framan, er þess krafist til vara að viðurkennt verði að stefnandi eigi 62,5% vatnsréttinda úr borholu og mannvirkjum henni tengdum, sem eru innan spildu sem afmarkast með áðurnefndum hnitum, að lágmarki 2,5 sekúndulítrar. Krafist er staðfestingar á því

að stefnanda sé heimilt að bora nýja holu innan spildunnar til að tryggja sér að lágmarki 2,5 sekúndulíttra af heitu vatni.

Í öllum framangreindum tilfellum er þess krafist að álagðar og áfallnar dagsektir fram til þess að efndir verða samkvæmt dómsorði verði aðfararhæfar og falli ekki niður. Loks er þess krafist að stefndu verði in solidum dæmd til að greiða stefnanda málskostnað og að við ákvörðun hans verði tekið tillit til virðisaukaskatts.

Stefndu krefjast þess aðallega að málinu verði vísað frá dómi. Til vara að þau verði sýknuð af öllum kröfum stefnanda. Í báðum tilfellum krefjast þau málskostnaðar að viðbættum virðisaukaskatti úr hendi stefnda.

Í þessum þætti málsins er til úrlausnar aðalkrafa stefndu um frávísun málsins og málskostnað úr hendi stefnanda. Af hálfu stefnanda er þess krafist að frávísunarkröfunni verði hafnað og málið tekið til efnislegrar meðferðar. Þá krefst stefnandi málskostnaðar úr hendi stefndu í þessum þætti málsins.

II

Málavextir

Jörðin Laugarhvammur var í eigu hjónanna Sigríðar Magnúsdóttur og Friðriks Ingólfssonar. Friðrik er nú látinn en Sigríður fékk leyfi til setu í óskiptu búi hinn 19. janúar 2004. Þau hjónin áttu sex börn, þar á meðal Sigurð Friðriksson, stefnanda máls þessa, stefnda Friðrik Rúnar og stefndu Jónínu.

Með kaupsamningi og afsali, dagsettu 23. maí 2006, afsalaði stefnda Sigríður jörðinni Laugarhvammi ásamt öllu því sem henni fylgir og fylgja ber til stefnda Friðriks Rúnar. Kaupverð var 5.500.000 krónur. Í kaupsamningnum eru kvaðir um að ákveðnum hluta jarðarinnar verði skipt út þannig að hann falli undir jörðina Laugarmýri sem er í eigu stefndu Jónínu og þá átti einnig að leggja ákveðinn hluta jarðarinnar undir lóðina Steindir. Borhola sú sem meðal annars er deilt um í þessu máli er á því landi sem falla átti undir Laugarmýri.

Stefnandi telur að sala jarðarinnar hafi verið málamyndageringur og að kaupverðið hafi ekki verið greitt. Þá taldi hann að með samningi þessum væri misfarið með eignir dánarbúsins og leitaði hann af þeim sökum eftir upplýsingum um hugsanlegt verðmæti jarðarinnar. Sigurður Sveinn Sigurðsson, löggiltur fasteignasali, mat jörðina á 35.000.000 til 40.000.000 króna. Í framhaldi af þessu krafðist stefnandi þess, hinn 13. júní 2006, að dánarbú föður hans yrði tekið til opinberra skipta, mál nr. D-4/2006 hjá Héraðsdómi Norðurlands vestra. Í máli sem rekið var um þessa kröfu stefnanda var tekið til varna af hálfu stefndu Sigríðar, Friðriks Rúnar og Jónínu, þá tóku einnig til varnar aðrir erfingjar dánarbúsins. Undir rekstri áðurgreinds máls nr. D-4/2006 öfluðu stefndu sér mats um verðmæti jarðarinnar hjá löggiltum fasteignasala, Jóni Sigfúsi Sigurjónssyni hdl., sem mat jörðina á 10.000.000 króna. Nefndu máli lauk með því að gert var samkomulag sem lagt var fram í málinu og um það gerð dómsátt og fallið var frá kröfu um opinber skipti á dánarbúinu.

Í samkomulagi því sem gert var við niðurfellingu á kröfunni um opinber skipti sem áður er getið var samið um allnokkur atriði. Dánarbúið skyldi greiða stefnanda

1.450.000 krónur. Dánarbúið skyldi afsala $\frac{1}{2}$ sekúndulíttra af vatni úr borholu í landi Laugarhvamms til stefnanda. Dánarbúið skyldi jafnframt afsala sama magni úr sömu borholu til stefndu Jónínu. Með þessu átti stefnandi að eignast 2,5 sekúndulíttra úr holunni og stefnda Jónína 1,5 sekúndulíttra og átti eign þeirra á holunni og vatni henni tengt að skiptast í sömu hlutföllum, þ.e. stefnandi átti að eignast 62,5% réttinda í holunni en stefnda Jónína 37,5%. Þá er tekið fram í samkomulaginu að forsenda þess sé að stefndi Friðrik Rúnar hafi ekki umráðarétt yfir borholunni. Hins vegar bar honum sem eiganda Laugarhvamms að eftirláta endurgjaldslausan afnotarétt að holunni auk spildu í kringum hana. Í samkomulaginu greinir síðan hvernig spilda þessi skuli afmarkast og fleira því tengt. Samkomulag þetta gekk ekki eftir, sem varð til þess að stefnandi höfðaði mál þetta.

III

Málsástæður og lagarök

Stefndu rekja nokkur atriði sem þeir telja að leiða eigi til frávísunar málsins. Í fyrsta lagi telja stefnendur að kröfugerð og málatilbúnaður stefnanda sé óljós og óskýr og þar með í andstöðu við meginreglur einkamálaréttarfars sem fram koma í d- og e-liðum 1. mgr. 80. gr. laga um meðferð einkamála. Kröfugerð stefnanda sé svo óskýr að draga verði í efa að nokkur af kröfufliðum stefnunnar geti staðið óbreyttur til dóms. Halda stefndu því fram að þetta háí þeim mjög við að taka til varna í málinu. Þar sem dómstólum sé ekki ætlað að laga orðalag kröfugerðar verði ekki hjá því komist að vísa málinu frá dómi. Stefndu halda því einnig fram að stefnandi byggji mál sitt að mestu á dómsátt og að einhverju leyti á samkomulagi við fyrri eigendur Laugarhvamms. Stefnandi hafi hins vegar ekki krafist aðfarar samkvæmt dómsáttinni og hann hafi heldur ekki gert grein fyrir heimildum sínum til að leita að nýju til dómstóla með mál sem lokið var með dómsátt. Þá hafi stefnandi heldur ekki gert grein fyrir því hvernig hann telji að núverandi eiganda Laugarhvamms, sem ekki er aðili að nefndri dómsátt, geti verið bundinn við efni sáttarinnar. Stefndu halda því fram að efni sáttarinnar hafi verið talið nægilega skýrt til þess að gerð hennar hafi ekki verið hafnað. Sáttin sé aðfararhæf, sbr. 3. tl. 1. mgr. 1. gr. laga um aðför nr. 90/1989. Þann ágreining sem kunni að vera uppi um efni sáttarinnar beri að leysa við aðförina og þá eftir atvikum fyrir héraðsdómi. Ekki sé að lögum skilyrði til að höfða mál til staðfestingar á meintum rétti og skyldum aðila samkvæmt réttarsátt sem þegar hefur verið gerð fyrir dómi.

Stefnendur telja einnig að aðild málsins sé ekki rétt. Stefnandi beini flestum kröfum sínum að öllum stefndu utan þess að krafist er greiðslu úr hendi dánarbús Friðriks Ingólfssonar. Engar kröfur séu hins vegar gerðar á hendur stefndu Jónínu. Þó aðildarskortur leiði almennt til sýknu sé aðild málsins hér svo ruglingsleg að vísa verði málinu frá dómi. Stefnandi hefði hugsanlega getað stefnt Jónínu til réttargæslu en það kaus hann að gera ekki og því verði að vísa málssókn á hendur henni frá dómi. Í þessu sambandi benda stefndu á að stefndi Friðrik Rúnar sé þinglýstur eigandi Laugarhvamms. Stefnandi geri hins vegar enga grein fyrir því með hvaða hætti aðrir stefndu verði skyldaðir til að stofna sérstaka spildu úr landi jarðarinnar. Kröfu um stofnun spildunnar, umráða- og afnotarétt að henni og bann við veðsetningu hennar verði ekki beint að öðrum en þinglýstum eiganda. Þá segja stefndu að stefnandi hafi í kröfugerð sinni uppi kröfur fyrir sína hönd og stefndu Jónínu án þess að um samaðild þeirra til sóknar sé að ræða. Þá telja stefndu að

stefnanda sé óheimilt að gera kröfu um staðfestingu á eignarhaldi að borholu, mannvirkjum og vatnsréttindum líkt og fram kemur í kröfugerð hans.

Af hálfu stefndu eru ennfremur gerðar athugasemdir við einstaka kröfuliði í stefnu. Í því sambandi nefna stefndu að samkvæmt 1. mgr. 4. gr. laga um skipti á dánarbúum o.fl. verði dómsmál ekki höfðað gegn dánarbúi nema í sérstökum undantekningartilfellum. Stefnda Sigríður sitji í óskiptu búi og ráði fjármunum búsins. Því verði að beina fjárkröfum að henni en ekki dánarbúinu. Þá telja stefndu varðandi fjárkröfu stefnanda að um þá kröfu hafi verið gerð dómsátt og hana sé því ekki hægt að hafa uppi í öðru dómsmáli og því beri að vísa þeirri kröfu frá dómi, sbr. 2. mgr. 116. gr. laga um meðferð einkamála.

Stefndu halda því fram að krafa stefnanda um stofnun sérstakrar spildu með sérstöku landnúmeri geti ekki haft neina réttarfarslega þýðingu. Við skiptingu lands og myndun nýrrar lóðar skuli landeigandi gefa út stofnskjal fyrir hinni nýju lóð og þinglýsa því, sbr. 14. gr. og 1. mgr. 17. gr. laga nr. 6/2001. Krafa stefnanda lúti hins vegar ekki að þessu. Stofnun spildu þeirrar sem stefnandi gerir kröfu um hefði engin réttindi í för með sér fyrir stefnanda. Þá hafi stefnandi ekki gert neina grein fyrir því hvernig öðrum en þinglýstum eiganda jarðarinnar eigi að vera kleift að fullnægja þeirri skyldu sem krafist er dóms fyrir í þessu sambandi.

Stefnendur gera athugasemdir við kröfu stefnanda í þá veru að stefndi Friðrik Rúnar hafi ekki umráða- eða afnotarétt að borholu. Í kröfu stefnanda komi ekki fram hvaða borholu sé um að ræða þótt ætla megi að krafan eigi við um borholu í landi Laugarhvamms sem er þinglýst eign Friðriks Rúnars. Stefnendur telja að ómögulegt sé að kveða upp dóm þess efnis að hann hafi ekki umráða- eða afnotarétt að borholu. Telja stefndu að stefnandi hafi ekki lögvarða hagsmuni af því einu og sér, sbr. 2. mgr. 25. gr. laga um meðferð einkamála. Auk þess sé þessi krafa óþörf þar sem stefnandi geri síðar kröfu um að hann hafi ásamt stefndu Jónínu eignar-, umráða- og afnotarétt að borholunni.

Stefndu halda því fram að stefnandi geti ekki krafist viðurkenningar á tilteknum rétti sínum og stefndu Jónínu án aðildar hennar sóknarmegin. Krafa stefnanda verði ekki skilin á annan veg en þann að um óskipt réttindi þeirra sé að ræða. Þessi háttur á kröfugerð leiði til frávísunar, sbr. 2. mgr. 28. gr. laga nr. 91/1991. Þar fyrir utan sé krafan óskýr og óljós þar sem krafist sé staðfestingar á eignarrétti án þess að fram komi hvort rétturinn sé beinn eða óbeinn þótt ætla megi að krafan taki einungis til óbeins eignarréttar, þ.e. réttar til umráða og afnota.

Stefnendur segja að ógerlegt sé að átta sig á hver munur sé á kröfu stefnanda þess efnis að óheimilt verði að veðsetja spilduna annars vegar og hins vegar því að stefndu Friðriki Rúnari og dánarbúi Friðriks Ingólfssonar verði gert að halda spildunni veðbandslausri. Ætla verði að fyrri krafan beinist að öllum stefndu en hin síðari að stefnda Friðriki Rúnari og dánarbúi föður hans. Þessi kröfugerð sé í besta falli óljós og óskýr og að mati stefndu ekki dómtæk. Þá benda stefndu á að hið stefnda dánarbú hafi ekkert með þinglýstar eignir stefnda Friðriks Rúnars að gera.

Stefndu halda því fram að ómögulegt sé að átta sig á því hvernig stefnandi geti krafist þess að hann sé eigandi að 62,5% hluta borholu, sem staðsett er á landspildu sem afmarkast með tilgreindum hnitum, ásamt stefndu. Stefnandi geti ekki átt aðild til sóknar og gert kröfu fyrir hönd annarra stefndu og þá beinist þessi krafa einnig

að honum sjálfum. Þessari kröfu verði því að vísa frá dómi.

Stefndu segja að ómögulegt sé að átta sig á því hvernig stefnandi geti krafist staðfestingar á 62,5% eignarréttar borholu og mannvirkjum sem við hana eru tengd eins og gert sé í varakröfu stefnanda. Kröfugerðin sé svohljóðandi: „... staðfestingar á því að stefnandi eignarrétt sem nemur 62,5% af núverandi borholu og mannvirkjum henni tengdri ...“. Augljóst sé að eitthvað vanti í kröfugerð stefnanda. Ef krafan sé sú að stefnandi eigi eignarrétt að holunni vanti líkt og í aðalkröfu tilgreiningu á því hvort verið sé að krefja um beinan eða óbeinan eignarrétt en þess sé ekki krafist að stefnandi sé eigandi að þessum tiltekna hluta holunnar. Þá sé ennfremur krafist „umferðarréttar að borholunni ... og annars hindrunarlauss umferðarréttar að borholu ...“. Augljóst sé að kröfugerð þessi brjóti gegn ákvæðum laga og meginreglum einkamálaréttarfars um skýra og ljósa kröfugerð. Í öllu falli hefði stefnandi þurft að skýra muninn á umferðarrétti og hindrunarlausum umferðarrétti.

Stefnandi gerði við munnlegan flutning málsins grein fyrir sjónarmiðum sínum varðandi kröfu stefndu um frávísun málsins. Krafðist hann þess að málið yrði tekið til efnismeðferðar. Jafnframt krafðist hann málskostnaðar úr hendi stefndu í þessum þætti málsins.

Stefnandi telur að kröfur hans fari ekki gegn ákvæðum 80. gr. laga um meðferð einkamála. Þá benti hann á að kröfur hans byggðust á samkomulagi sem gert var í tengslum við kröfu stefnanda um opinber skipti á dánarbúi föður hans. Samkomulag þetta beri ekki að skoða sem réttarsátt. Samkomulagið sé í mörgum liðum og beri að skoða sem eina heild. Lögmaður sá sem undirritaði samkomulagið fyrir hönd dánarbúsins og stefndu Jónínu hafi haft til þess fullt umboð fyrir dánarbúið og stefndu Jónínu og því séu allir aðilar að dánarbúinu bundnir við samkomulagið. Í raun hafi samkomulag þetta verið gert í þeim eina tilgangi að forða dánarbúinu frá opinberum skiptum. Telur stefnandi að kröfur hans í málinu séu í samræmi við samkomulagið en einhverra hluta vegna hafi stefndu ekki fengist til að uppfylla það. Að mati stefnanda er ekki unnt að krefjast fullnustu á samkomulaginu með beinni aðfarargerð heldur verði hann að afla sér dóms í samræmi við samkomulagið.

IV

Niðurstaða

Stefndu gera í alllöngu máli grein fyrir þeim annmörkum sem þeir telja á málatilbúnaði stefnanda. Stefnandi krefst þess meðal annars að dánarbú Friðriks Ingólfssonar greiði honum ákveðna fjárhæð. Samkvæmt ákvæðum 4. gr. laga nr. 20/1991 um skipti á dánarbúum o.fl. verður mál ekki höfðað á hendur dánarbúi nema í undantekningartilfellum og að uppfylltum ákveðnum skilyrðum eins og fram kemur í greininni. Slíkt á ekki við í þessu máli og verður því þegar af þeirri ástæðu að vísa kröfu stefnanda um greiðslu á 1.450.000 krónum úr hendi dánarbúsins frá dómi. Stefnandi krefst þess að hann ásamt stefndu Jónínu eignist ákveðin réttindi yfir borholu. Með því að fallast á þessa kröfu stefnanda yrðu stefnandi og stefnda Jónína sameigendur að ákveðnum réttindum. Þessi niðurstaða er ótæk fyrir stefndu Jónínu sem ekki hefur viljað vera til sóknar í máli þessu ásamt stefnanda. Af ákvæði 2. mgr. 18. gr. laga um meðferð einkamála nr. 91/1991 má

ráða að þeir sem eiga óskipt réttindi skuli sækja þau sameiginlega en svo var ekki gert í máli þessu og ber því að vísa öllum kröfum, sem beinast að því að stefnda Jónína öðlist einhver réttindi, frá dómi. Fallast verður á með stefndu að kröfu stefnanda um stofnun sérstakrar spildu með tilvitnuðum hnitum sé ranglega beint að öðrum en eiganda jarðarinnar, stefnda Friðriki Rúnari. Krafa stefnanda þess efnis að stefndi Friðrik Rúnar hafi ekki umráða- eða afnotarétt á núverandi borholu en þess í stað skuli stefnandi ásamt stefndu Jónínu hafa slíkan rétt er óskýr og ódómtæk. Kröfu um að ákveðinni landspildu í landi Laugarhvatns verði haldið án veðbanda verður ekki beint að öðrum en eiganda jarðarinnar og er slíkri kröfu því ranglega beint að dánarbúi Friðriks Ingólfssonar. Þegar þetta er virt og horft til þess að aðrar kröfur stefnanda eru ekki svo skýrar að unnt sé að leggja á þær efnisdóm verður að taka kröfu stefndu til greina og vísa málinu frá dómi.

Við ákvörðun um málskostnað er horft til þess að stefnandi hefur með málshöfðun sinni reynt að knýja fram efnir á samkomulagi sem gert var á milli hans annars vegar og dánarbús Friðriks Ingólfssonar og Jónínu Friðriksdóttur hins vegar. Samkomulagið sem varð að dómsátt er hins vegar ófullkomið svo ekki sé meira sagt og sennilega hefði verið rétt af dómara að hafna því sem dómsátt. Þó verður að hafa í huga að samkomulagið var gert til að koma í veg fyrir að dánarbúi Friðriks Ingólfssonar yrði tekið til opinberra skipta en var ekki gert um ákveðnar kröfur sem stefnandi hafði áður sett fram á hendur stefndu. Ekki verður annað ráðið en að það hafi frekar verið stefndu en stefnandi sem stóðu í vegi fyrir því að samkomulagið næði fram að ganga. Má í því sambandi nefna að dánarbúið greiddi stefnanda ekki umsamda upphæð en þann lið samkomulagsins var auðvelt að efna. Þá virðist sem stefndi Friðrik Rúnar hafi ætlað að stofna landspildu sem var minni en um var samið. Að þessu virtu þykir rétt að aðilar beri hver sinn kostnað af málinu.

Af hálfu stefnanda flutti málið Ólafur Rúnar Ólafsson hdl. en af hálfu stefndu Guðjón Ólafur Jónsson hrl.

Halldór Halldórsson dómstjóri kveður upp úrskurð þennan.

ÚRSKURÐARORÐ

Máli þessu er vísað frá dómi.

Málskostnaður fellur niður.

Halldór Halldórsson.

